FRÉTTABLAÐIÐ

185. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 8. ÁGÚST 2018



**Þú átt leik** Gestum og gangandi var boðið að grípa í málningarrúllur og pensla þegar Skólavörðustígurinn var málaður í regnbogalitum í gær. Þessi árlegi gjörningur markar upphaf Hinsegin daga en yfirskrift hátíðarinnar nú er baráttugleðin. Fjölmargir viðburðir eru framundan og nær hátíðin hámarki með Gleðigöngunni fjórugu á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

# Deila um 911 milljóna tap á Akureyri

**Veruleg vonbrigði eru sögð vera á Akureyri með svör Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra sem hafnar því að ríkið greiði uppsafnað tap á öldrunarheimilum bæjarins.**

**AKUREYRI** Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hafnar kröfu Akureyrarbæjar um að ríkið greiði bænum 911 milljónir króna sem bærinn telur ríkið skulda vegna uppsafnaðs halla Öldrunarheimila Akureyrar síðustu sex ár.

Ríkið bendir á að Akureyrarbær hafi tekið ákvörðun um að greiða með rekstri öldrunarheimilanna.

„Með því telur ráðuneytið ekki að stofnist krafa á hendur ríkinu. Ráðuneytið hafnar kröfu Akureyrarbæjar um að ríkið greiði bænum uppsafnað rekstrartap,“ segir í bréfi til bæjarins sem tveir starfsmenn ráðuneytisins skrifa fyrir hönd heilbrigðisráðherra.

„Við urðum fyrir verulegum vonbrigðum með svarbréf velferðarráðuneytisins og finnst okkur svarið endurspegla þá afstöðu ríkisins að fjárlögin séu æðri faglegum skyldum sem ráðuneytið sjálft setur,“ segir Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Akureyrar.

Málaferli Garðabæjar og ríkisins í sambærilegu máli munu verða prófsteinn á það hvort Akureyrarbær leiti réttar síns til að knýja á um að ríkið greiði uppsafnaðan halla öldrunarheimilanna

Ekki reyndist hægt að ná í Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra vegna málsins. Hún er stödd erlendis í fríi. – sa / sjá síðu 4

> Við urðum fyrir verulegum vonbrigðum með svarbréf velferðarráðuneytisins.



Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Akureyrar



Erik Hamrén. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gefur Hamrén einkunnina sex

**FÓTBOLTI** Erik Hamrén verður kynntur sem næsti þjálfari íslenska karlalandsliðsins í fótbolta í dag.

Hamrén hefur unnið titla í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Hann stýrði sænska landsliðinu á árunum 2009-16 og kom því á tvö stórmót.

„Ef ég ætti að gefa honum einkunn á skalanum 1-10 fengi hann sex,“ segir Marcus Christenson, fótboltaritstjóri The Guardian, um landsliðsþjálfaratíð Svíans. – iþs / sjá síðu 12

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórir Garðarsson skrifar um stöðu ferðaþjónustunnar. 10

**SPORT** Sara Björk Gunnarsdóttir er búin að ná sér af meiðslum og verður klár í næstu landsleiki. 13



**MENNING** Bæði hlátur og grátur á ljúfsárri B-hlið Mamma Mia. 18

**LÍFIÐ** Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, bauð til risaveislu í Hvammsvík. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Norðvestlæg átt í dag, skýjað fyrir norðan og rigning af og til norðaustanlands, en bjart sunnan til. Hiti frá 6 stigum norðanlands upp í 17 stig syðst. SJÁ SÍÐU 16

# Rafmagnsleysi veldur truflun

**ORKUMÁL** Um miðjan dag í gær varð rafmagnslaust í Hveragerði og í Ölfusi. Á svipuðum tíma fór rafmagn af Reykjanesbæ.

Rafmagn komst aftur á í Ölfusi og Reykjanesbæ en enn var rafmagnslaust í Hveragerði um klukkan tíu í gærkvöld. Olli það miklum vandkvæðum í bænum. Meðal annars var ekki hægt að eiga viðskipti með greiðslukortum heldur aðeins reiðufé. Þetta gerði verslunum og veitingastöðum erfitt fyrir.

Unnið var að viðgerðum fram á kvöld. Sagði fulltrúi RARIK bilunina leiðinlega. Bilunin í Hveragerði var í aðveitustöð og var hún sögð alvarleg. Rafmagnsleysið í Reykjanesbæ stafaði hins vegar af því að háspennurofi sló út í aðveitustöð í Helguvík.

Nærri níu hundruð heimili í Hveragerði voru rafmagnslaus. **– gar**

## Forðað frá 1.750 tonnum af ólofti




**Fimm rafmagnsvagnar frá kínverska fyrirtækinu Yutong bættust nýverið í flota Strætó og hefst akstur þeirra nú í ágúst. Fjórir vagnar eru þegar í notkun. Von er á fimm til viðbótar í vetur. Talið er að vagnarnir fjórtán minnki losun gróðurhúsalofttegunda um 1.750 tonn á ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Alexis Tsipras lofar því að rífa ólöglegar byggingar

**GRIKKLAND** Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, sagði í gær að rúmlega 3.200 ólöglegar byggingar á Attíkuskaga yrðu rifnar niður hið snarasta. Byggingarnar hafa verið mikið í umræðunni á Grikklandi frá því skógareldar á svæðinu kostuðu 91 lífið í júlí og hefur ríkisstjórnin sagt að byggingarnar hafi torveldað flótta fólks af svæðinu.

„Hver sú bygging sem stofnar lífi fólks í hættu verður rifin. Það er skylda okkar við þá látnu, og enn fremur við þá sem enn lifa,“ sagði forsætisráðherrann í gær.

Byggingarnar sem um ræðir eru margar áratugagamlar. Samkvæmt BBC eru þær jafnan byggðar í leyfisleysi. Mörgum árum eftir byggingu öðlast þær þó friðhelgi eftir samkomulagi við ríkið.

Gríska ríkisstjórnin hefur verið gagnrýnd fyrir að bregðast seint og illa við hamförunum. Tsipras brást að hluta við þeirri gagnrýni er hann sagði í yfirlýsingu á sunnudag að yfirmenn lögreglu og slökkviliðs á svæðinu hefðu verið reknir. Á föstudag sagði svo ráðherra almannavarna af sér. **– þea**

> **Hver sú bygging sem stofnar lífi fólks í hættu verður rifin.**
>
> Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja






# Svíi að selja 17 þúsund hektara á Vestfjörðum

**John Harald Örneberg, einn af auðjöfrunum sem hafa verið að kaupa upp jarðir hér á landi fyrir laxveiði, er með sínar fjórar jarðir á Vestfjörðum til sölu. Áhuginn á jörðunum, sem laxveiðiár fylgja, er mestur erlendis segir fasteignasali.**

**FASTEIGNIR** Svíinn John Harald Örneberg hefur haft sínar fjórar jarðir til sölu undanfarin misseri. Verðhugmynd fæst ekki uppgefin en erlendir aðilar hafa verið að sýna jörðunum áhuga.

Alls eru jarðirnar 17 þúsund hektarar. Kirkjuból er þeirra stærst, um 8.800 hektarar. Jarðirnar eru í einu félagi og seljast þannig. Félagið fer með meirihluta í veiðifélaginu um Langadalsá og Hvannadalsá, segir í fasteignaauglýsingunni.

Davíð Ólafsson, fasteignasali á Fasteignasölunni Borg, segir að lítið sé um áhuga frá innlendum aðilum. Flestar fyrirspurnir um jarðirnar komi frá útlöndum.

„Mér finnst útlendingarnir vilja vernda náttúruna og hugsa þetta sem langtímaverkefni. Það er nálgun sem ég þekki ekki alltaf frá Íslendingum,“ segir Davíð og bætir við að málið sé á viðkvæmu stigi. Að öðru leyti geti hann lítið tjáð sig.

John Harald Örneberg er ekki sækinn í fjölmiðlaumfjöllun og lítið vitað um hann annað en að í umfjöllun í Fréttablaðinu 2012 segir að hann sé stofnandi og stjórnarformaður fyrirtækisins The Forest Company sem er með trjárækt í Brasilíu og Kólumbíu og selur við, pappírsdeig og kol til stórra iðnaðarfyrirtækja.

Örneberg keypti jarðirnar af Landsbankanum í gegnum félagið Varpland.

Í svari Ólafar Nordal, þáverandi innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, þingmanni Framsóknarflokksins, um eignarhald á jörðum árið 2016 segir að 62 jarðir séu að öllu leyti í eigu aðila með lögheimili skráð erlendis en 322 jarðir að hluta í eigu aðila með lögheimili skráð erlendis.

Í umfjöllun Bloomberg um jarðakaup erlendra aðila á Íslandi kemur fram að 66,9 prósent landsins séu í eigu Íslendinga, 28 prósent séu í félagi sem enginn viti hver á og aðeins 0,1 prósent í eigu útlendinga.

benediktboas@frettabladid.is



**Jarðirnar eru allar í einu félagi og seljast sem slíkar. Félagið fer með meirihluta í veiðifélaginu á staðnum. Árið 2016 komu 311 laxar á land.**

### Jarðirnar sem eru til sölu



**Brekka**
**570** hektarar
Veiðiréttur: **10,35** prósent í Langadalsá

**Neðri - Bakki**
**420** hektarar
Veiðiréttur: **11,85** prósent í Langadalsá

**Kirkjuból**
**8.800** hektarar
Veiðiréttur: **19,86** prósent í Langadalsá

**Tunga**
**7.800** hektarar
Veiðiréttur: **25** prósent í Hvannadalsá, **3,76** prósent í Langadalsá




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Við Þórisvatn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Öll miðlunarlón komin á yfirfall

**ORKUMÁL** Miðlunarlón Landsvirkjunar eru nú öll komin á yfirfall. Þetta kemur fram á vef fyrirtækisins.

„Hálslón náði yfirfallshæð um klukkan 23 föstudaginn 3. ágúst og Blöndulón fylgdi fast á eftir tveimur tímum síðar aðfaranótt laugardags. Þórisvatn fór síðan á yfirfall sólarhring síðar eða um klukkan eitt aðfaranótt sunnudags 5. ágúst. Hágöngulón var þegar fullt, fór á yfirfall 22. júlí,“ segir í fréttinni.

„Ekki hefur gerst síðan Hálslón kom í rekstur að öll miðlunarlón Landsvirkjunar hafi fyllst svo snemma sumars. Fara verður aftur til ársins 2006 til að finna sambærilegt, en þá voru Hágöngulón, Þórisvatn og Blöndulón á yfirfalli 3. ágúst.“ **– gar**



Alex Jones með gjallarhorn sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Infowars bregst illa við banninu

**BANDARÍKIN** Samsæriskenningasmiðurinn Alex Jones og vefsíða hans, Infowars, eru ógn við áform valdaelítunnar um að stofna tjáningarfrelsislaust heimsveldi. Þetta sagði á Infowars í gær. Apple, Facebook, YouTube og fleiri tæknirisar fjarlægðu á mánudag efni Infowars af veitum sínum og bönnuðu aðgang.

„Nokkrar ástæður eru fyrir þessu stríði gegn Jones og Infowars. Ein þeirra er sú að hann fylkti ómældum fjölda „fyrirlitlegra“ (e. deplorables) að baki Donald Trump og hjálpaði honum þannig að vinna forsetakosningarnar,“ skrifaði Paul Joseph Watson, pistlahöfundur Infowars, og vísaði þannig til hugtaks sem mótframbjóðandinn Hillary Clinton notaði um öfgafyllstu stuðningsmenn Trumps. **– þea**

# Arion gjaldfærði 250 milljónir vegna kaupauka

**VIÐSKIPTI** Arion banki skuldbatt sig á fyrri helmingi ársins til þess að greiða 247 milljónir króna í kaupaukagreiðslur til starfsmanna samstæðunnar. Samstæðan gjaldfærði þar af 212 milljónir króna vegna greiðslna til starfsmanna bankans, að því er fram kemur í nýbirtum árshlutareikningi bankans.

Kaupaukagreiðslurnar sem Arion banki gjaldfærði á síðari helmingi síðasta árs námu alls 252 milljónum króna, að launatengdum gjöldum meðtöldum, og lækkuðu þær því lítillega eða um 5 milljónir króna á milli árshelminga. Greiðslu 40 prósenta kaupaukans er frestað um þrjú ár í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja.

Skuldbinding samstæðunnar, það er bankans og dótturfélaga hans, vegna kaupaukakerfisins nam 792 milljónum króna í lok júnímánaðar samanborið við 942 milljónir króna í lok síðasta árs.

Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.309 í lok júní sem er fjölgun um 86 stöðugildi frá sama tíma fyrir ári og um 25 frá lokum síðasta árs. Laun og launatengd gjöld voru 9.647 milljónir á fyrri árshelmingi og hækkuðu um 10 prósent á milli ára.

Í kjölfar skráningar Arion banka á hlutabréfamarkað í júní fékk hver starfsmaður bankans hlutabréf í honum sem samsvara útborgun einna mánaðarlauna, þó að hámarki einni milljón króna. Markaðsvirði bréfanna var 295 milljónir króna þegar bréfunum var úthlutað í júní. **– kij**



Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ósátt við að ráðherra hafni að greiða 911 milljóna rekstrartap

**Akureyri krefur ríkið um 911 milljónir vegna taps á rekstri öldrunarheimila bæjarins. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir bæinn hafa tekið ákvörðun um að bæta fé í reksturinn og hafnar kröfunni. „Fjárlög æðri faglegum skyldum,“ segir fulltrúi bæjarins. Fylgst sé vel með málaferlum Garðabæjar í álíka máli.**

**AKUREYRI** Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, hefur hafnað kröfu Akureyrarbæjar um að ríkið greiði bænum rúmlega 900 milljónir króna sem bærinn telur ríkið skulda vegna uppsafnaðs halla Öldrunarheimila Akureyrar síðustu sex árin.

Akureyrarbær hefur rekið öldrunarheimilin Hlíð og Lögmannshlíð á rammasamningi undanfarin ár. Í bréfi Akureyrarkaupstaðar til velferðarráðuneytisins var þess krafist að ríkið yfirtaki reksturinn í árslok ef það neitaði að greiða uppsafnaðan halla öldrunarheimilanna.

Auk aldraðra Akureyringa eiga aldraðir íbúar nágrannasveitarfélaga kost á þjónustu á öldrunarheimilunum samkvæmt sérstökum samningi við nágrannasveitarfélögin.

Ríkið hefur sent bænum bréf þess efnis að það neiti að greiða tapið og bendir á að Akureyrarbær hafi tekið ákvörðun um að greiða með rekstri öldrunarheimilanna.

„Með því telur ráðuneytið ekki að stofnist krafa á hendur ríkinu. Ráðuneytið hafnar kröfu Akureyrarbæjar um að ríkið greiði bænum uppsafnað rekstrartap,“ segir í bréfi til bæjarins sem tveir starfsmenn ráðuneytisins skrifa fyrir hönd heilbrigðisráðherra.

„Við urðum fyrir verulegum vonbrigðum með svarbréf velferðarráðuneytisins og finnst okkur svarið endurspegla þá afstöðu ríkisins að fjárlögin séu æðri faglegum skyldum sem ráðuneytið sjálft setur,“ segir Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Akureyrar.



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Hlíð hét Elliheimili Akureyrar er það var vígt 29. ágúst 1962 á 100 ára afmæli Akureyrarbæjar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> **Nú setjumst við yfir málið og íhugum næstu skref, en í okkar huga er mikilvægast að þessi deila bitni ekki á þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu.**

Hilda Jana Gísladóttir, oddviti Samfylkingar í bæjarstjórn Akureyrar





Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.

„Við fylgjumst að sjálfsögðu vel með málaferlum Garðabæjar við ríkið vegna sambærilegra deilna. Nú setjumst við yfir málið og íhugum næstu skref, en í okkar huga er mikilvægast að þessi deila bitni ekki á þjónustu við aldraða í bæjarfélaginu,“ bætir Hilda Jana.

Forsvarsmenn Akureyrarbæjar munu nú fara ítarlega yfir málið og verður það meðal annars rætt á nýjan leik á fundi bæjarráðs næstkomandi fimmtudag. Málaferli Garðabæjar og ríkis í sambærilegu máli munu verða prófsteinn á það hvort Akureyrarbær leiti réttar síns til að knýja á um að ríkið greiði uppsafnaðan halla öldrunarheimilanna.

Íbúar öldrunarheimilanna eru alls 182. Þar af eru hjúkrunarrými fyrir 155, dvalarrými fyrir 10 og 17 hjúkrunarrými fyrir tímabundna dvöl og hvíldardvöl. Um 260 starfsmenn vinna hjá Öldrunarheimilum Akureyrar í um 220 stöðugildum. Rekstur öldrunarheimilanna er um 2,5 milljarðar á ári.

Ekki reyndist unnt að ná í Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra vegna málsins. Hún er stödd erlendis í fríi. **sveinn@frettabladid.is**





ÚTSALA
VANGO TJÖLD 20-30% AFSLÁTTUR
ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-70% AFSLÁTTUR
SVEFNPOKAR OG BAKPOKAR 30% AFSLÁTTUR
GÖNGUSKÓR 30-70% AFSLÁTTUR
REIÐHJÓL 50% AFSLÁTTUR
EVEREST
Skeifunni 6 · www.everest.is




Domino's Pizza Group á ríflega 95 prósenta hlut í Domino's á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Sala Domino's á Íslandi jókst um 5,5 prósent

**VIÐSKIPTI** Sala Domino's á Íslandi á fyrstu sex mánuðum ársins jókst um 5,5 prósent frá sama tímabili í fyrra, að því er fram kemur í árshlutareikningi móðurfélagsins, Domino's Pizza Group, sem birtur var í gær. Hagnaður varð af rekstrinum hér á landi en hins vegar skilaði rekstur pitsukeðjunnar í Noregi, Sviss og Svíþjóð tapi.

Aðeins hefur þó dregið úr söluvextinum hér á landi en salan jókst um 15,2 prósent á fyrstu sex mánuðum síðasta árs frá fyrra ári.

Fram kemur í fjárfestakynningu Domino's Pizza Group vegna uppgjörsins að stefnt sé að opnun tveggja pitsustaða hér á landi á fjórða ársfjórðungi. Stjórnendur keðjunnar, sem á 95,3 prósenta hlut í Domino's á Íslandi, telja að hér megi reka alls 30 staði en þeir eru nú 23 talsins. **– kij**

# Guðmundur nýr bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta er ótrúlega spennandi og ég er upp með mér að hafa verið treyst fyrir þessu krefjandi verkefni," segir Guðmundur Gunnarsson sem hefur verið ráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Guðmundur hefur undanfarin þrjú ár verið framkvæmdastjóri AFS á Íslandi en áður starfaði hann meðal annars hjá RÚV og 66° Norður.

„Ég er í hópi brottfluttra Vestfirðinga og hef alltaf haft miklar taugar til svæðisins. Það er kominn tími til að fara og taka þátt í uppbyggingunni í stað þess að mæra staðinn og dást að því sem fólkið er að gera úr fjarlægð."

Guðmundur er fæddur á Ísafirði og alinn upp í Bolungarvík. Hann hefur ekki búið á svæðinu frá því að hann lauk námi frá Menntaskólanum á Ísafirði fyrir rúmum 20 árum. Stærstur hluti fjölskyldunnar býr þó fyrir vestan og hefur Guðmundur því haft annan fótinn þar í gegnum tíðina.



**Guðmundur Gunnarsson, nýráðinn bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.**

„Ég væri ekki að fara í þetta nema ég hefði tröllatrú á svæðinu og uppbyggingunni sem þar á sér stað. Möguleikarnir eru óþrjótandi og svæðið getur orðið enn frábærara en það er í dag."

Gert er ráð fyrir því að Guðmundur hefji störf þann 1. september næstkomandi. „Þetta er skammur tími. Nú fer ég í það að hringja í vini og kunningja til að athuga með húsnæði. Svo förum við bara að pakka niður."

Meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks ákvað eftir kosningarnar í vor að auglýsa starf bæjarstjóra og sóttu þrettán um stöðuna. **– sar**

# Drífa Snædal vill verða forseti Alþýðusambandsins

**FÉLAGSMÁL** Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, hefur ákveðið að bjóða sig fram til forseta ASÍ á þingi sambandsins sem haldið verður í október. Hún segir mikilvægasta verkefni næsta forseta vera að sameina verkalýðshreyfinguna um hag allra launþega. Það þurfi að auka lífsgæði hinna mörgu og stemma stigu við græðgi hinna fáu.

„Verkalýðsbaráttan er mjög klassísk barátta. Hún snýst um að krefjast sanngjarns endurgjalds af vinnu sinni og að auka lífsgæði." Drífa segist ekki vera að boða neina byltingu á starfi ASÍ en hreyfingin þurfi þó að þróast.

„Þetta er 100 ára gömul hreyfing sem þarf að vera í sífelldri þróun og endurskoðun ef hún á að lifa af." Hún segir mjög mikilvægt að mæta auknum áhuga á verkalýðsbaráttunni.

Varðandi verkefnin fram undan segir Drífa það ekkert launungarmál að möguleikar til aukinna lífsgæða séu að miklu leyti í höndum stjórnvalda. Komandi kjarasamningar verði ekki einfaldir samningar við atvinnurekendur heldur þurfi stjórnvöld að koma inn í.



**Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.**

Drífa starfaði um árabil innan Vinstri grænna og var meðal annars framkvæmdastjóri flokksins um tíma, auk þess að vera varaþingmaður. Hún gekk hins vegar úr flokknum síðastliðið haust þar sem hún var ósátt við ríkisstjórnarsamstarfið.

Nýr forseti verður kjörinn á þingi ASÍ í október en Gylfi Arnbjörnsson tilkynnti fyrr í sumar að hann gæfi ekki kost á sér áfram. Hann hefur verið forseti sambandsins frá 2008. Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri AFLs, hefur einnig tilkynnt um framboð til forseta. **– sar**

# Ríkisforstjórarnir á misdýrum bílum sem fyrirtækin útvega

**Forstjóri Landsvirkjunar hefur dýrustu bifreiðina til afnota en hún var keypt á 10,6 milljónir í vetur. Tvinnbifreið keypt í stað bensínbifreiðar til að draga úr orkunotkun og útblæstri. Forstjórarnir þurfa að greiða skatt af bifreiðahlunnindunum. Báðir ríkisbankarnir útvega bankastjórum sínum bifreiðar til afnota.**

**KJARAMÁL** Fjögur af tíu stærstu ríkisfyrirtækjunum útvega æðsta stjórnanda sínum bifreið til afnota í samræmi við ráðningarsamninga.

Fréttablaðið sendi fyrirspurn um bifreiðakost forstjóra á tíu stærstu ríkisfyrirtækin, auk Landsbankans og Íslandsbanka sem eru í ríkiseigu. Vert er að taka fram að vegna afnotanna er greiddur hlunnindaskattur samkvæmt tekjumati ríkisskattstjóra.

Veglegust er bifreið Harðar Arnarsonar, forstjóra Landsvirkjunar. Landsvirkjun, sem er stærsta ríkisfyrirtækið, keypti tvinnbifreið af gerðinni Audi Q7 e-tron í desember á 10,6 milljónir króna. Á sama tíma var eldri bifreið forstjóra af gerð Toyota Land Cruiser 100 og árgerð 2005 seld á rúmar fjórar milljónir. Kostnaður Landsvirkjunar við skiptin var því tæpar 6,6 milljónir.

Segir Landsvirkjun að við skipti á ökutækjum sé meðal annars horft til þess að draga úr orkunotkun og útblæstri. Þannig minnkaði útblástur koltvísýrings úr 292 g/km í 48 g/km við skiptin.

### Nýjustu bifreiðar ríkisforstjóra




**Audi Q7 etron**
**Árgerð:** 2017
**Kaupverð:** 10,6 milljónir
**Kaupár:** 2017

**Volvo XC90**
**Árgerð:** Ekki vitað
**Kaupverð:** Ekki vitað
**Kaupár:** 2017

**Ford Explorer**
**Árgerð:** 2012
**Kaupverð:** 9,3 milljónir
**Kaupár:** 2013



**Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.**



**Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets.**



**Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts.**



**Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia.**

Landsnet útvegaði Ford Explorer af árgerð 2012 fyrir Guðmund Inga Ásmundsson, forstjóra Landsnets, árið 2013. Kaupverðið var 9,3 milljónir króna. Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts, fékk útvegaða bifreið af gerðinni Ford Expedition í apríl 2008. Kaupverð bílsins var rétt tæpar 6,5 milljónir en bókfært virði í dag nemur tæpum tveimur milljónum.

Þá hefur Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, einnig bifreið á vegum fyrirtækisins til umráða. Um er að ræða Toyota Avensis af árgerð 2010.

Bifreiðin var keypt notuð í nóvember 2010 og var kaupverðið 4,4 milljónir. Ásett verð sambærilegra bifreiða er í dag í kringum um 1,2 milljónir.

Hvorki Ríkisútvarpið, Matís, Strætó, Rarik, Orkuveita Reykjavíkur né Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hafa útvegað bifreið fyrir sína æðstu stjórnendur. Hins vegar var greint frá því í Fréttablaðinu í vetur að ÁTVR hefði keypt notaðan, sjö ára gamlan Toyota Land Cruiser-jeppa á 9,8 milljónir króna til að nota í starfsemi sinni. Var hann ekki hugsaður fyrir neinn tiltekinn starfsmann fyrirtækisins.

**6,6**

**milljónir var kostnaður Landsvirkjunar við að skipta um ökutæki forstjóra.**

**» Segir Landsvirkjun að við skipti á ökutækjum sé meðal annars horft til þess að draga úr orkunotkun.**

Í svari frá Landsbankanum segir að bankinn sjái bankastjóra fyrir bifreið í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi sem kveður á um að bankastjóri geti óskað eftir því að hluti launanna felist í afnotum af bifreið. Útborguð laun lækki þar með sem nemur tekjumati ríkisskattstjóra fyrir bifreiðina. Sama gildir um bankastjóra Íslandsbanka sem hefur til afnota Volvo XC90 sem var keyptur í desember 2017. **– tfh**

# Jarðböðin við Mývatn veltu 820 milljónum króna

**VIÐSKIPTI** Heildarvelta Jarðbaðanna við Mývatn í fyrra var 821 milljón króna og jókst um 13 prósent frá fyrra ári þegar veltan nam 725 milljónum króna. Baðstaðurinn skilaði hagnaði upp á 309 milljónir króna á síðasta ári borið saman við 302 milljóna króna hagnað árið 2016.

Þetta kemur fram í ársreikningi Jarðbaðanna hf. fyrir síðasta ár.

Um 220 þúsund manns heimsóttu Jarðböðin í fyrra og hafa gestirnar aldrei verið fleiri en gert er ráð fyrir að þeim fjölgi um fimm prósent í ár.

Í ársreikningi baðstaðarins segir að ákveðið hafi verið að hefja framkvæmdir við nýtt og stærra baðhús og baðlón þar sem núverandi aðstaða anni vart lengur þeim mikla fjölda gesta sem sækir böðin, sér í lagi á háannatíma. Gera áætlanir stjórnenda ráð fyrir að ný aðstaða verði tilbúin á árinu 2020.

Jarðböðin voru um síðustu áramót metin á um 4,5 milljarða króna í bókum stærsta hluthafans, fjárfestingafélagsins Tækifæris, en virði baðstaðarins jókst um 1,3 milljarða króna á síðasta ári. **– kij**



**Jarðböðin við Mývatn högnuðust um 309 milljónir í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN




Kynntu þér **Opel Karl** á **opel.is/karl** eða í **sýningarsölum** okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18

Bílabúð Benna

# Stjórnvöld í hart gegn stjórnarandstöðu

**Hátt settir stjórnarandstæðingar eftirlýstir. Sakaðir um að kynda undir ofbeldi. Mannréttindavaktin fordæmir aðför að stjórnarandstæðingum. Segir lögreglu og her berja á þeim. Chamisa hafnar enn úrslitunum og biður innsetningar sinnar sem verður líklegast ekki.**

**SIMBABVE** Lögregla í Simbabve lýsti í gær eftir níu háttsettum meðlimum Hreyfingarinnar fyrir lýðræðisumbætur (MDC), stærsta stjórnarandstöðuflokks Simbabve sem laut í lægra haldi gegn Afríska þjóðarbandalagi Simbabve (ZANU-PF) í þingkosningum og naumlega í forsetakosningum síðustu viku. Ríkisblaðið Herald greindi frá þessu.

Stjórnarandstæðingarnir eru sakaðir um að hafa kynt undir „ólöglegum mótmælum“ á miðvikudaginn fyrir viku. Átök brutust þá út á milli lögreglu og MDC-liða. Sex mótmælendur létu lífið.

Tendai Biti, áður fjármálaráðherra og nú leiðtogi innan MDC, er að auki sakaður um að hafa „með ólöglegum hætti“ greint frá því að Nelson Chamisa, frambjóðandi MDC, hefði unnið forsetakosningarnar. Auk hans var lýst eftir formanninum Morgan Komich, ungliðaleiðtoganum Happymore Chidziva auk sex annarra.

Alþjóðlegu samtökin Mannréttindavaktin (HRW) fordæmdu í gær meinta aðför lögreglu og hers Simbabve að stjórnarandstæðingum. Í yfirlýsingu HRW kom meðal annars fram að lögregla, hermenn og óbreyttir, vopnaðir borgarar hafi gengið í skrokk á og áreitt MDC-liða í Harare allt frá kjördegi.

Heimildarmaður HRW í Chitungwiza-hverfi sagði til dæmis frá því að hermaður hefði sagt honum, á meðan höggin dundu á honum, að verið væri að refsa honum fyrir að kjósa rangan frambjóðanda. Jafnframt var greint frá því að sex grímuklæddir menn hefðu brotist inn á heimili fyrrnefnds Chidziva og hótað konu þar lífláti.



Stuðningsmaður MDC sýnir merki flokksins á meðan henni er fylgt inn í fangabíl. 27 meðlimir MDC hafa verið handteknir vegna átaka síðasta miðvikudags í Harare. Stjórnvöld eru sögð ganga fram með mikilli hörku. NORDICPHOTOS/AFP

Sibusiso Moyo utanríkisráðherra vísaði þessum ásökunum á bug í gær. „Ríkisstjórnin hefur ekki heyrt af neinum barsmíðum eða mannránum. Það berst mikið af röngum upplýsingum af samfélagsmiðlum,“ hafði Herald eftir honum.

Ríkisdagblaðið hefur undanfarið birt fjölda frétta þar sem sagt er frá því að kosningarnar hafi verið sanngjarnar og löglegar, en Chamisa og stuðningsmenn hans hafa haldið því fram að niðurstöðunum hafi verið hagrætt. Þá gerðu eftirlitsmenn á vegum ESB alvarlegar athugasemdir við aðdragandann og framkvæmdina.

> **Tölur landskjörstjórnar eru falsaðar og þeim hagrætt í hag fráfarandi forseta.**
>
> Nelson Chamisa, forsetaframbjóðandi MDC

Herald birti í gær frétt um kosningarnar þar sem stóð: „Emmerson Mnangagwa er þjóðarleiðtogi og vinsældir hans sjást augljóslega á þeim fjölda atkvæða sem hann fékk í forsetakosningunum.“ Þá hefur miðillinn að auki tekið viðtöl við MDC-liða, ósátta við Chamisa, sem hafa lýst því yfir að kosningarnar hafi verið sanngjarnar.

Chamisa sjálfur hefur hins vegar ekki gefist upp. „Ég er nýbúinn að fara í gegnum sönnunargögnin og eyðublöð frá kjörstöðum um gjörvallt Simbabve. Við UNNUM þessar kosningar afgerandi. Tölur landskjörstjórnar eru falsaðar og þeim hagrætt í hag fráfarandi forseta. Við erum tilbúin fyrir innsetningarathöfnina og myndun nýrrar ríkisstjórnar,“ tísti Chamisa í gær. Ekki er þó útlit fyrir að hann verði settur inn í embætti forseta.

thorgnyr@frettabladid.is



LG
Life's Good

# LG SUPER UHD SJÓNVARP Á ÓMÓTSTÆÐILEGU TILBOÐI!



LG SUPER UHD TV
Nano Cell™ Display

Super UHD sjónvarp með Nano Cell skjátækninni gefur skýrari liti og betri mynd frá öllum sjónarhornum.
Multi HDR tækni Dolby Vision, webOS 3.5 netviðmóti Magic Remote fjarstýringu sem gerir allar stillingar einfaldari ásamt Netflix 4K hnappi.

30.000 AFSLÁTTUR
49SK7900
**LG 49" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**
~~139.990~~ KR. **TILBOÐ 109.990 KR.**

50.000 AFSLÁTTUR
55SK7900
**LG 55" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**
~~179.990~~ KR. **TILBOÐ 129.990 KR.**

60.000 AFSLÁTTUR
65SK7900
**LG 65" SUPER UHD SMART SJÓNVARP**
~~229.990~~ KR. **TILBOÐ 169.990 KR.**

**BETRA BORGAR SIG**
Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND
Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Við bíðum



**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is

Bandaríska farveitan Lyft gaf á dögunum hundrað íbúum Chicago-borgar inneign upp á 550 Bandaríkjadali, um 58 þúsund krónur, sem þeir geta nýtt í viðskiptum við nokkrar farveitur; svokölluð borgarhjól, Lyft og deilibílana Zipcar – gegn því að íbúarnir leggi einkabíl sínum í einn mánuð.

Framkvæmdastjóri farveitunnar á svæðinu sagðist vilja veita fólki tækifæri til þess að leggja bílnum sínum í þrjátíu daga og gefa því allt sem það þarf til þess að ferðast um borgina. Með þessu vill fyrirtækið efna til umræðu um hversu dýrt það er að eiga og reka bíl.

Uppátæki Lyft vekur spurningar um bílaeign, þótt hagnaðarsjónarmið liggi sennilegast þar að baki og tilraun til þess að svara þeirri gagnrýni sem farveitur hafa að undanförnu sætt, eftir að bandarísk rannsókn sýndi að þjónusta þessara fyrirtækja dregur hvorki úr bílaeign né mengun ef marka má reynsluna í níu stærstu borgunum þar í landi. Aðrar rannsóknir hafa þó áður sýnt fram á hið gagnstæða.

Hvað sem því líður hafa Uber og Lyft fjárfest í nýstárlegum samgöngutækjum að undanförnu til að bæta við þjónustu sína, meðal annars rafhjólum sem ætlað er að leysa bílana af í styttri ferðum og á álagstímum. Forstjóri Uber hefur sagt að hann vilji koma almenningssamgöngum inn í þjónustu Uber, þannig að allir samgöngumátar standi notendum til boða, þótt hann hafi ekki sjálfur tekjur af öllum nýju úrræðunum.

Framkvæmdastjórinn hjá Lyft sagðist einnig vita að Lyft væri ekki eina svarið. Það væri ómögulegt að koma nægilega mörgum bílum á göturnar til þess að koma öllum leiðar sinnar. Almenningssamgöngur væru nauðsynlegar. Farveitur líka. Fólk þyrfti að ganga og hjóla leiðar sinnar. Það væri markmiðið.

Á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir mikilli fjölgun íbúa næstu árin. Spár segja höfuðborgarbúa verða tæplega 300 þúsund talsins eftir rúmlega tuttugu ár. Þá sækir gífurlegur fjöldi ferðamanna borgina heim á degi hverjum. Þótt Reykjavík sé ekki milljónaborg er ljóst að mæta þarf fjölguninni með skynsamlegum ráðum. Það geta ekki allir ferðast um á einkabíl á yfirfullum götum. Við þurfum valkosti, sem eru ekki of dýrir fyrir neytendur.

Umbætur á almenningssamgöngum eru nauðsynlegar, bíllaus lífstíll þarf að verða heillandi kostur með gerð hjólastíga og gönguleiða, umhverfisvænir ferðamátar gerðir að forgangsmáli og farveitur á borð við Uber og Lyft þurfa leyfi til að starfa í borginni – jafnvel með því skilyrði að bifreiðarnar séu að einhverju leyti rafmagnsknúnar. Slíkar umbætur eru mikilvægar fyrir margra hluta sakir, til dæmis með tilliti til umhverfissjónarmiða og tímasparnaðar. Umbæturnar eru ekki síst mikilvægt kjaramál. Meðalnotandi einkabíls eyðir verulegum hluta ráðstöfunartekna sinna í rekstur bifreiðar.

Úr samgönguráðuneytinu er það annars að frétta að það er ekki búið að fjármagna umbætur í almenningssamgöngum og þau ætla að taka sér að minnsta kosti næsta árið til að pæla í þessu með farveitunum.

Við bíðum bara róleg.

**Það geta ekki allir ferðast um á einkabíl á yfirfullum götum. Við þurfum valkosti, sem eru ekki of dýrir fyrir neytendur.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Málfrelsiskúrinn**
**Hallur Hallsson, sagnfræðingur og fyrrverandi réttargæslumaður háhyrningsins Keikós, snupraði í Morgunblaðinu í gær fjölmiðla fyrir að fjalla ekki um tukthúsdvöl Tommys Robinson. Halli er holdafar þessa kyndilbera málfrelsis í Bretlandi hugleikið og hann upplýsti á Útvarpi Sögu í gær að Tommy missti ein 20 kíló í steininum enda „þorði hann ekki í mötuneytið“ og „borðaði túnfisk úr dós allan tímann“. Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott og hér virðist Tommy hafa dottið niður á sérlega skjótvirkan og árangursríkan megrunarkúr.**

**Halelúja!**
**Hallur lauk grein sinni með því að kjarna mál Tommys með nýjum laglínum við lag Leonards Cohen, Halelúja. Sagnfræðingurinn Stefán Pálsson brást við á Facebook: „Auðvitað snarar Hallur Hallsson erindi af Halelúja eftir Cohen til heiðurs Tommy Robinson í Mogganum. Nema hvað?“ Fréttamaðurinn Ævar Örn Jósepsson var snöggur til svars: „Af einhverjum ástæðum virðast rasistar og xenófóbar hverskonar nokkuð ánægð með Cohen. Ég veit ekki hvort það er til marks um hversu torræðir – eða margslungnir – textar hans eru, eða hversu torlæsir – eða einfaldir – aðdáendur hans úr þessum kreðsum eru.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Óþolandi staða fyrir ferðaþjónustuna



**Þórir Garðarsson**
stjórnarformaður Gray Line

Fyrirtæki í ferðaþjónustu búa við ósanngjarna samkeppni og undirboð sem ýmist njóta afskiptaleysis eða verndar stjórnvalda.

Umsvifamiklir seljendur gistingar á borð við Airbnb komast upp með að innheimta ekki né skila virðisaukaskatti og gistináttaskatti af þeirri sölu. Íbúðareigendur sem leigja út húsnæði til viðskiptavina Airbnb borga mjög víða 90% lægri fasteignagjöld en hótel og gistihús með sambærilega þjónustu. Sérstaklega á það við í Reykjavík, sem virðist lítið hafa sinnt því að leggja á rétt fasteignagjöld. Um allt land starfa svo erlend fyrirtæki í ferðaþjónustu sem skila engum sköttum hér á landi og eru þekkt fyrir að borga starfsfólki langt undir íslenskum töxtum.

**Allir tapa**

Ekki vantar opinberar stofnanir til að hafa eftirlit. Vinnumálastofnun, sýslumenn, lögregla, vegaeftirlit, tollstjóri, ríkisskattstjóri og fleiri. En þær vinna illa saman og einbeita sér einkum að löglega skráðu íslensku fyrirtækjunum, þeim sem eru með allt uppi á yfirborðinu og er miskunnarlaust lokað ef út af bregður.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu tapa. Ríki og sveitarfélög tapa. Samt gengur afar hægt hjá stjórnvöldum að hysja upp um sig brækurnar.

**Það þarf að berja í borðið**

Þessi staða er óþolandi fyrir alla sem starfa í ferðaþjónustu. Það er ekki nóg að ráða eftirlitsmenn til að senda bréf. Stofnanir verða að hætta að vísa ábyrgð hver á aðra. Þær verða að láta hendur standa fram úr ermum, krefja söluaðila gistingar um réttmætar skattgreiðslur, leggja rétt fasteignagjöld á íbúðir sem eru leigðar út til ferðamanna og stöðva ólöglegu starfsemina og undirboðin.

Samtök ferðaþjónustunnar þurfa að fylgja þessu fast eftir, berja í borðið og sparka mönnum af stað. Samtökin eiga ekki að gefa stjórnvöldum nein grið. Það er gjörsamlega óviðunandi að þessi skakka samkeppnisstaða sé látin viðgangast ár eftir ár.

**Fyrirtæki í ferðaþjónustu tapa. Ríki og sveitarfélög tapa.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Spurningu beint til Samtaka atvinnulífsins



Ögmundur Jónasson

Davíð Þorláksson, lögfræðingur og forstöðumaður hjá Samtökum atvinnulífsins, skrifar nýlega svokallaða bakþanka Fréttablaðsins. Þar segir hann að óþarfi sé „að brjálast“ yfir uppkaupum auðmanna á landi og „auðvitað skiptir engu máli“, segir hann enn fremur, „hvort það er Íslendingur eða útlendingur sem á það“. Það sé tímabært að stjórnmálamenn átti sig á því að eignarréttur sé ekki stjórntæki sem þeir geti gripið til að vild og hann bendir á að innlendir jafnt sem erlendir landeigendur þurfi að fara að margvíslegum lögum og reglum sem gilda hér á landi.

### Hvað segja lögin?

Og Davíð Þorláksson byrjar að telja upp lagabálkana: „Þar má t.d. nefna skipulagslög nr. 123/2010, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 ...“

Hvernig væri að taka Davíð Þorláksson á orðinu og byrja á því að fletta upp í þessum síðastnefndu lögum frá 1998. Þau vísa til þess hvers einkaeignarrétturinn tekur til, öðlist menn á annað borð eignarhald á landi. Í annarri grein segir að eigandi lands fari með „öll venjuleg eignarráð þess“, nokkuð sem er útlistað nánar í þriðju grein hvað auðlindir áhrærir því þar segir með skýrum hætti að eignarlandi fylgi eignarréttur „að auðlindum í jörðu“. Auðlindir eru skilgreindar í fyrstu greininni á eftirfarandi hátt: „Með auðlindum er í lögum þessum átt við hvers konar frumefni, efnasambönd og orku sem vinna má úr jörðu, hvort heldur í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi og án tillits til hitastigs sem þau kunna að finnast við.“

### Um að gera að brjálast ekki

Þarna er sem sagt heitt vatn og kalt og jarðefni hverju nafni sem þau nefnast, allt er þetta í eigu landeigandans. Um nýtinguna gilda síðan ýmis lög, sem ég hef reyndar leyft mér að gagnrýna sum hver fyrir það hve slök þau eru. Grundvallaratriðið er eftir sem áður þetta: Landeigandinn á ekki bara yfirborð landsins heldur teygir eignarrétturinn sig langt niður í jörðina og umlykur einnig þær auðlindir sem þar er að finna.

Óþarfi er „að brjálast“ yfir því á hvers hendi þessi réttindi eru, segir fulltrúi Samtaka atvinnulífsins. Gott og vel, um að gera að brjálast ekki.

### En hvað með að sýna fyrirhyggju?

En hvernig væri að sýna fyrirhyggju og ábyrgðarkennd gagnvart framtíðinni og ókomnum kynslóðum? Finnst mönnum í lagi að eignarhald á auðlindum Íslands, þar með gulli framtíðarinnar sem vatnið er stundum kallað, komist í hendur nokkurra auðmanna innlendra eða erlendra? Ég leyfi mér reyndar að ganga lengra og líta svo á að eignarhald á landinu og auðlindum þess eigi að vera innan landsteinanna.

Því fjær sem eignarhaldið er landinu sjálfu, því líklegra að það verði í huga eigandans verslunarvara sem lýtur lögmálum kauphallarinnar, en allt sem hvílir á öðrum gildum fjarlægara.

### Og síðan er það spurningin

Samtök atvinnulífsins hafa, ekki síst á allra síðustu tímum, sýnt að þeim er ekki alveg sama um hin huglægu gildi. Vísa ég þar í áherslu samtakanna á að styrkja íslenska tungu og menningu.

Hvernig væri að leyfa landinu og auðlindum þess að fylgja með í þeim pakka; að auðlindirnar verði okkar allra?

Það er nóg pláss fyrir kapítalistana í SA að höndla á Íslandi án þess að þeir þurfi að gína yfir landinu, vatninu og orkunni, eða hvað?

Ég bara spyr.

# Hinsegin Reykjavík – borgin okkar allra



Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
formaður borgarráðs

Góð borg einkennist af fjölmörgu. Í aðdraganda borgarstjórnarkosninga í vor varð okkur tíðrætt um frjálslynda og jafnréttissinnaða borg þar sem íbúar eru jafnir, án tillits til kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna eða annars. Það er því góð tilfinning að koma að stjórn borgar með meirihluta sem leggur áherslu á mannréttindi og velsæld allra íbúa sinna.

Hinsegin dagar eru í raun merkileg hátíð – grasrótarviðburður sem berst fyrir jafnrétti og sýnileika en setur um leið gleðina á oddinn og gæðir borgina okkar lit og lífi. Í gegnum tíðina hefur hinsegin fólk mátt þola fordóma, skerðingu á frelsi og því miður ofbeldi. Það er því ekki annað hægt en að fagna þeim miklu breytingum sem orðið hafa á síðustu áratugum en á sama tíma er það deginum ljósara að við verðum að halda áfram á sömu braut. Það er sorgleg staðreynd að réttindi sem náðst hafa með þrotlausri baráttu geta verið tekin aftur líkt og erlend dæmi sanna og því verðum við að vera samtaka á vitundarvaktinni.

Við munum hér eftir sem hingað til láta verkin tala í þágu frjálslyndis og jafnréttis og ég mun svo sannarlega gera hvað ég get svo Reykjavíkurborg leggi áfram sitt af mörkum og fari áfram með góðu fordæmi eins og borgin hefur gert í áraraðir. Fyrr á þessu ári sótti borgin um inngöngu í samtök regnbogaborga (Rainbow Cities Network) með það að markmiði að staðfesta einlægan ásetning sinn um að virða og styðja fjölbreytileikann. Við viljum fjölbreytta borg fyrir alla, sem byggir á mannréttindum og frjálslyndi.

Mér er það því bæði ljúft og skylt að taka virkan þátt í Hinsegin dögum og hlakka mikið til að ganga í gleðigöngunni á laugardaginn í nafni mannréttinda, frelsis og betra samfélags.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT




Erik Hamrén, 61 árs gamall Svíi, tekur við íslenska karlalandsliðinu í fótbolta af Heimi Hallgrímssyni sem hætti í síðasta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sænska leiðin farin á ný

Erik Hamrén verður næsti þjálfari íslenska karlalandsliðsins. Fótboltaritstjóri The Guardian segir að Hamrén hafi ekki verið mjög vinsæll sem landsliðsþjálfari og hann sé talsvert frábrugðinn Lars Lagerbäck.

**FÓTBOLTI** Líkt og síðast þegar íslenska karlalandsliðið vantaði nýjan þjálfara leitaði KSÍ til fyrrverandi þjálfara sænska landsliðsins. Lars Lagerbäck var ráðinn síðla árs 2011 og nú sjö árum síðar verður maðurinn sem tók við sænska landsliðinu af honum, Erik Hamrén, næsti landsliðsþjálfari Íslands. Tilkynnt verður um ráðningu hans á blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í dag.

Hamrén stýrði sænska landsliðinu á árunum 2009-16. Hann kom Svíþjóð á EM 2012 og 2016 en ekki á HM 2014. Hamrén stýrði Svíum í 83 leikjum; 45 þeirra unnust, 16 enduðu með jafntefli og 22 töpuðust.

Marcus Christenson, fótboltaritstjóri The Guardian, er frá Svíþjóð og hefur fylgst vel með sænska landsliðinu undanfarin ár. Hann segir að Hamrén hafi staðið sig sæmilega í starfi landsliðsþjálfara.

„Hann gerði þokkalega hluti. Hann var ekki frábær en heldur ekki slæmur. Ef ég ætti að gefa honum einkunn á skalanum 1-10 fengi hann sex. En nýi landsliðsþjálfarinn [Janne Andersson] hefur sýnt að það var hægt að gera meira með liðið og vera jákvæðari,“ sagði Christenson í samtali við Fréttablaðið í gær.

Hamrén byggði sænska liðið í kringum Zlatan Ibrahimovic. Framherjinn sjálfsöruggi skoraði haug af mörkum fyrir Svía undir stjórn Hamrén og var allt í öllu í leik sænska liðsins.

### Zlatan og hinir tíu

„Tilfinningin í Svíþjóð er að Zlatan hafi stjórnað öllu og gert nokkurn veginn það sem honum sýndist. En hann gerði allt í liðinu og kom því á EM 2016 nánast upp á sitt eindæmi. Það er erfitt að segja hvort önnur nálgun hefði verið betri. Svíum fannst Hamrén kannski full linur við Zlatan og að sænska liðið hafi ekki verið alvöru lið heldur Zlatan og tíu aðrir leikmenn,“ sagði Christenson.

Þótt Svíar hafi komist á EM 2012 og 2016 gerðu þeir lítið þegar á hólminn var komið og féllu út í riðlakeppninni í bæði skiptin. Frammistaðan á EM 2016 olli miklum vonbrigðum en Svíþjóð fékk aðeins eitt stig og skoraði eitt mark í leikjunum þremur í riðlakeppninni.

Á meðan Hamrén var landsliðsþjálfari var samband hans við sænsku pressuna stirt og þá sérstaklega undir lokin.

„Sambandið var fínt í byrjun en versnaði svo eftir því sem leið á,“ sagði Christenson. „Liðið var gagnrýnt og hætti að vera opið í samskiptum við fjölmiðla eins og það hafði verið.“

**Erik Hamrén**
27. júní 1957 (61 árs)

**Þjálfaraferillinn**
1987-88 Enköpings SK
1989 Väsby
1990-91 Brommapojkarna
1992-93 Vasalunds
1994 Degerfors
1995-97 AIK
1998-2003 Örgryte
2004-08 AaB
2008-10 Rosenborg
2009-16 Sænska karlalandsliðið

**Titlar**
Danskur meistari með AaB (2008)
Norskur meistari með Rosenborg (2009, 2010)
Sænskur bikarmeistari með AIK (1996, 1997) og Örgryte (2000)



Erik Hamrén og Zlatan Ibrahimovic náðu vel saman. NORDICPHOTOS/GETTY

Christenson segir að Andersson, núverandi þjálfari sænska landsliðsins, sé mun vinsælli meðal almennings í Svíþjóð en Hamrén sem komi illa út úr þeim samanburði.

### Ekki jafn vinsæll og Andersson

„Það er frekar hægt að tala um tómlæti en að hann hafi verið sérstaklega óvinsæll. Hann var samt ekki nálægt því jafn dáður og Andersson er núna. Hamrén hafði ekki úrslitin með sér og það var ekki jafn auðvelt að hrífast af honum og Andersson,“ sagði Christenson en Svíar komust í 8-liða úrslit á HM í sumar.

Christenson segir að Hamrén sé nokkuð frábrugðinn Lars Lagerbäck sem þjálfari. Hann aðhyllist annan leikstíl og aðra hugmyndafræði og sé jafnvel sveigjanlegri en Lars.

„Lagerbäck er kerfisbundinn og taktískur. Hamrén vill að liðin sín spili opnari og frjálsari bolta. Hann lagar sig að andstæðingunum á meðan Lagerbäck hélt sig alltaf við sama leikstílinn, hvort sem það var á móti Lúxemborg eða Frakklandi. Hamrén er kannski sveigjanlegri, en Lagerbäck leggur meiri áherslu á liðsheildina,“ sagði Christenson að lokum. ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**Breiðablik - KR 1-0**
1-0 Alexander Helgi Sigurðarson (70.)

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 31 | KA | 18 |
| Valur | 29 | Víkingur R. | 18 |
| Stjarnan | 28 | ÍBV | 16 |
| KR | 23 | Fylkir | 15 |
| FH | 22 | Fjölnir | 13 |
| Grindavík | 20 | Keflavík | 3 |

## Hannes fékk eldskírn sína

**FÓTBOLTI** Hannes Þór Halldórsson, markvörður íslenska karlalandsliðsins, lék fyrsta leik sinn fyrir Qarabag frá Aserbaídsjan í gærkvöldi en tókst ekki að halda hreinu í 0-1 tapi gegn BATE Borisov.

Var þetta fyrri leikur Qarabag og BATE frá Hvíta Rússlandi í 3. umferð undankeppni Meistaradeildar Evrópu.

Hannes er búinn að vera frá síðustu vikur vegna meiðsla en lék fyrsta leik sinn í Bakú, höfuðborg Aserbaídsjans, í gær. Gat hann ekki komið í veg fyrir eina mark leiksins undir lok fyrri hálfleiks. Þurfa Aserarnir því að sækja sigur til Hvíta-Rússlands þegar liðin mætast á ný.

Á sama tíma lék Arnór Ingvi Traustason fyrri hálfleikinn í 1-1 jafntefli Malmö gegn MOL Vidi á heimavelli.

Eftir að hafa skorað markið sem skaut Malmö inn í 3. umferðina í undankeppni Meistaradeildar Evrópu var Arnóri kippt af velli í hálfleik í gær.

Þá lék Viðar Örn Kjartansson, framherjinn frá Selfossi, síðustu mínúturnar í markalausu jafntefli Maccabi Tel Aviv gegn Pyunik á útivelli í undankeppni Evrópudeildarinnar. – kpt

## Þór/KA vann fyrsta leikinn

**FÓTBOLTI** Þór/KA vann góðan 2-0 sigur á Linfield í fyrsta leik Akureyringa í undankeppni Meistaradeildar Evrópu í gærkvöldi í gærkvöld. Fór leikurinn fram í Norður-Írlandi á heimavelli Linfield en það voru norðankonur sem stýrðu umferðinni allan leikinn. Náðu þær með sigrinum að komast upp að hlið Ajax en þessi tvö lið mætast í lokaumferð riðilsins á mánudaginn.

Ariana Catrina Calderon kom Akureyringum yfir á upphafsmínútum leiksins og stuttu síðar var vítaspyrna dæmd á Linfield. Sandra Stephany Mayor Gutierrez steig á vítapunktinn en brenndi af og var staðan því 1-0 fyrir norðankonur í hálfleik.

Sandra bætti upp fyrir það þegar hún innsiglaði sigur Þórs/KA á 83. mínútu leiksins en það var verðskuldað eftir stórsókn Akureyringa í leiknum.

Mæta norðankonur liði Wexford Youths á fimmtudaginn áður en riðlakeppninni lýkur með leik Þórs/KA og Ajax á mánudaginn. – kpt



Sandra Mayor .

# Fólk

Lífsstíll

MIÐVIKUDAGUR 8. ÁGÚST 2018



Tískuvikan í Kaupmannahöfn hófst í gær. Danska merkið Blanche sýndi nýjustu línu sína.

➜4

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.





Krummi Björgvinsson ætlar að gefa út kántríplötu, sem verður hans fyrsta sólóplata, og einbeita sér að sólóferlinum á næsta ári. MYND/ÞÓRSTEINN

# Einbeitir sér að sólóferli í framtíðinni

Krummi Björgvinsson hefur átt afdrifaríkt ár. Hann opnaði veitingastaðinn Veganæs með Linneu Hellström og samdi sólóplötu á sama tíma. Nú ætlar hann að einbeita sér að sólóferli sínum næstu ár. ➜2



Krummi rekur veitingastaðinn Veganæs með kærustunni sinni, Linneu Hellström. Hann segir að staðurinn sé þeirra aktívismi og þau vilji opna hjörtu fólks fyrir veganisma. MYND/ÞÓRSTEINN


Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is




Framhald af forsíðu

Krummi Björgvinsson hefur átt viðburðaríkt ár. Hann og kærastan hans, Linnea Hellström, hafa byggt upp og opnað veitingastaðinn Veganæs í miðbæ Reykjavíkur og hann hefur verið á fullu að semja sína fyrstu sólóplötu, sem hann vonast til að gefa út snemma á næsta ári. Auk þess er hann í hljómsveitunum Legend og Döpur og það hefur komið til umræðu að hin goðsagnakennda þungarokkssveit Mínus komi aftur saman.

Krummi býr á Barónsstíg í Reykjavík með kærustunni og tveimur köttum, sem hann segir að séu eins og börnin þeirra. „Við erum búin að búa í þessari íbúð í tæp tvö ár og okkur finnst alveg dásamlegt að búa í miðbænum. Við löbbum allt sem við förum og okkur finnst gaman að vera í kringum lífið,“ segir hann. „Síðan er stutt að fara til að finna fyrir náttúrunni, labba niður í fjöru og fá að horfa á hafið, sem mér finnst mjög gott að gera. Svo er Sundhöllin bara hérna við hliðina, þannig að þetta er upplagt.“

## Púsluspil og vínylplötur

Krummi og Linnea hafa ekki mikinn frítíma um þessar mundir, því Veganæs kostar mikinn tíma. En þegar tími gefst finnst þeim gott að slaka á heima. „Við elskum að púsla. Okkur finnst voða gott og flýja þannig frá raunveruleikanum í smá tíma, stunda smá hugarleikfimi og hlusta á vínylplötur á meðan,“ segir Krummi. „Mér finnst mjög gott að hlusta á tónlist og þegar tími gefst spila ég á gítarinn og er mikið að semja og skrifa texta.

Síðan bara liggjum við með kisunum og lesum mikið, sem er alger unaður. Linnea les mikið vísindaskáldsögur, en ég hef mest gaman af ævisögum, sögu tónlistar, almennri sögu eða einhverju sem er byggt á sönnum atburðum. Svo hef ég líka mjög gaman af hryllingsbókum,“ segir Krummi. „Við erum líka miklir kvikmyndanördar og reynum að vinna í garðinum. En garðurinn hefur setið á hakanum í langan tíma og er orðinn alveg villtur, þannig að ég þarf að finna tíma fyrir hann.

Mér finnst mjög gott og gaman að elda mér mat heima og ég geri gjarnan vegan útgáfu af enskum morgunmat,“ segir Krummi. „Mér finnst indælt að gera það á morgnana og það er saðsamt.“

## Opna hjörtu í gegnum bragðlauka

„Ég er að reka veitingastaðinn Veganæs ásamt kærustunni minni, Linneu Hellström. Við eigum þetta saman, en ég er bara að hjálpa henni að koma þessu á koppinn. Þetta er maturinn hennar, hún er kokkurinn, hún er stjarnan. Ég er bara að vinna á bak við tjöldin,“ segir Krummi. „Ég er búinn að vera vegan í fjögur og hálft ár og Linnea í yfir 15 ár. Hugmyndin á bak við staðinn er að taka mat sem ég var vanur að borða áður en ég varð vegan og „veganæsa hann“, eða gera hann vegan, til þess að fólk sjái að þetta sé ekkert mál, þótt þú sért vegan geturðu haldið áfram að borða mjög djúsí vegan mat. Þannig að Veganæs er að „veganæsa“ matinn og hann er mega næs. Nafnið er smá leikur að orðum. Okkur langar aðallega bara til að gera besta mat sem hægt er og dreifa boðskap veganismans. Þannig að þetta er svona okkar aktívismi, að opna hjörtu fólks fyrir veganisma og reyna að sigra þau í gegnum bragðlaukana.

> „Vanalega þegar ég er upptekinn við eitthvað eitt þarf annað að sitja á hakanum, en ekki í þetta skiptið. Heilinn á mér fór alveg á fullt og ég samdi heila plötu. Ég er bara með allt tilbúið og er að fara að taka upp mína fyrstu sólóplötu.

Við erum á vaktinni í 13-14 tíma á dag. Við komum heim dauðþreytt, förum beint í bólið og vöknum svo og förum beint á Veganæs að preppa. Þetta er mikið prepp, því við búum til næstum alveg allt á staðnum. Það eina sem við pöntum inn er hráefni, hamborgarabrauð og franskar,“ segir Krummi. „Þetta er mikil vinna og þetta þarf að vera gert rétt, með ást og kærleik. Standardinn hjá Linneu er mjög hár og mér líka, þannig að það er allt lagt í þetta og fólk finnur það bara þegar það tekur fyrsta bitann.“

Krummi segir að það sé ekki erfiðara að elda vegan mat en annan mat. „Þú eldar bara meira og verður betri kokkur fyrir vikið,“ segir hann. „Mér finnst að allir eigi að hafa undirstöðuatriðin á hreinu, því það er rosa gefandi og gott að geta eldað matinn sinn sjálfur og þegar maður verður vegan neyðist maður til að læra þessi grundvallaratriði. Það er gott fyrir sálina að elda. Það er hugleiðsla og listform. Ég mæli eindregið með því.“

## Fyrsta sólóplatan tilbúin

„Þetta er búið að vera mjög afdrifaríkt ár hjá mér, því á meðan við byggðum og opnuðum Veganæs samdi ég sólóplötu,“ segir Krummi. „Vanalega þegar ég er upptekinn við eitthvað eitt þarf annað að sitja á hakanum, en ekki í þetta skiptið. Heilinn á mér fór alveg á fullt og ég samdi heila plötu. Ég er bara með allt tilbúið og er að fara að taka upp mína fyrstu sólóplötu í næsta mánuði. Ég vonast til að klára hana á þessu ári og gefa hana út snemma á næsta ári.

Það má eiginlega kalla þetta útlagakántrítónlist,“ segir Krummi. „Þetta er blanda af kántrí, blús, rokki og smá „psychedeliu“. Þetta er svona 60s-70s kántrí „psychedelia“ en sækir mikið í rætur „outlaw“ kántrí, sem kom frá hópi af kántrítónlistarmönnum sem gáfu Nashville puttann og fóru til Texas og bjuggu til sína eigin senu. Þetta voru menn eins og Willie Nelson, Waylon Jennings, George Jones, Guy Clark, Blaze Foley, Johnny Paycheck og Johnny Cash. Ég hef hlustað á þessa gæja nærri því allt mitt líf og þetta er svona músíkin sem ég hef alltaf sótt reglulega í.

Ég var í kántríhljómsveitinni Esju árið 2008 og kántríhljómsveit sem hét Moody Company á undan því, þannig að ég er búinn að vera að þessu óralengi, en hef lítið spilað svona tónlist undanfarinn áratug,“ segir Krummi. „Ég ætlaði að gefa út sólóplötu fyrir þó nokkuð mörgum árum, en mér fannst ég bara ekki vera tilbúinn. Mér fannst lögin ekki nógu góð og ég ákvað að ná mér í meiri reynslu. Nú er bara að koma að þessu.“

## Sólóferill fram undan

„Ég á eftir að spila mjög mikið til að fylgja þessu eftir. Ég er kominn með góða samstarfsaðila með mér, til dæmis hann Bjarna Sigurðarson, sem er gítarleikari í Mínus. Hann verður með mér á gítar og við höfum verið að klára forvinnsluna. Síðan verður hann Ryan félagi minn með mér í þessu, hann er frá San Francisco og spilar með hljómsveitinni Brian Jonestown Massacre. Hann verður hugsanlega upptökustjóri og svona almennur hljóðfæraleikari með mér í þessu. Það er svona kjarninn,“ segir Krummi. „Síðan set ég upp „live band“ og við munum spila og túra heilmikið. Ég verð mjög iðinn og einbeittur við þetta á næstu árum.“

## Miklar líkur á Mínus-tónleikum

Krummi segir að það séu miklar líkur á því að Mínus spili aftur saman. „Án þess að vera að segja of mikið þá erum við allir í góðu sambandi og höfum verið að gæla við alls konar hugmyndir,“ segir hann. „Það er ekkert ákveðið enn, en það er alls ekki útilokað að við höldum eina tónleika saman. Ég get ekki lofað neinu, en það er aldrei að vita hvað gerist.“


**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



HVAR ENDA
ÞÍN ÁHRIF?
Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur.
Ökum allsgáð um verslunarmannahelgina, eins og alltaf.
Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is

# Blanche bætir í

**Tískuvikan í Kaupmannahöfn hófst í gær með pompi og prakt. Eitt þeirra nýju merkja sem sýndu hönnun sína á tískupöllunum á fyrsta sýningardegi var danska merkið Blanche.**




Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is


Tískumerkið Blanche var sett á laggirnar fyrir rétt rúmu ári með hönnun úr gallaefni sem aðaláherslu. Á bak við Blanche standa þær Mette Fredin og Melissa Bech. Lífrænt og umhverfisvænt eru einnig einkunnarorð Blanche en hjá þeim eru eingöngu notuð lífrænt vottuð efni og „deadstock textiles“, þ.e. efni sem ekki á annars að nýta. Öll framleiðsla fer einnig fram í Kaupmannahöfn.

Fyrstu flíkur Blanche voru kynntar snemma á þessu ári og samanstóð línan af fáguðum gallabuxum og jökkum, bæði með belti og án, úr dökku gallaefni.

Nú hafa hönnuðirnir bætt við línunni Blanche Atelier, þar sem þeir teygja sig út fyrir denimrammann og hanna úr fleiru en gallaefni. Nýja línan inniheldur til dæmis flíkur úr kasmír- og merinoull og leðri í bland við gallaefni og bómull. Nýjasta línan er því öllu litríkari og höfðar til breiðari hóps enda hafa þær Mette og Melissa sagst vilja ná til allra með hönnun sinni. Þær hafa einnig sagt að hönnun þeirra eigi að endurspegla „gildi og viðhorf þeirra sem klæðast fötunum“.

Nýja línan segja þær að sé hönnuð fyrir kvenhetjur nútímans með „no-nonsese attitude“, konur sem láti hvorki leikaraskap né yfirborðskennda stæla hafa áhrif á sig.

**» Nýja línan sem danska merkið Blanche kynnti á tískuvikunni í Kaupmannahöfn er hönnuð fyrir nútíma kvenhetjur með „no-nonsense attitude“.**



Vor- og sumarlínan fyrir árið 2019 frá danska tískumerkinu Blanche er bæði fáguð og klæðileg.



Blanche var sett á laggirnar fyrir einungis einu ári. Það þykir fara afar vel af stað.



Pífur setja sparilegan svip á þennan sumarlega kjól.



Klæðileg kápa sem ætti að falla vel í kramið hjá nútíma kjarnakonum.



Lífrænt og umhverfisvænt eru einkunnarorð hönnuða Blanche.



Hólkvíðar gallabuxur og kápa í stíl



Denim on denim, gallajakki og buxur þar sem efninu er snúið við.



Stórglæsileg prjónapeysa í fallegum litum ætti vel við íslenskt sumar.




# Landsmenn lesa Fréttablaðið allan ársins hring

# LÍKA Á SUMRIN!

## Auglýsing í Fréttablaðinu er ávallt jafn verðmæt

| apríl | maí | júní | júlí | ágúst | september |
|---|---|---|---|---|---|
| 89% | 89% | 89% | 89% | 89% | 89% |

89% af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega allan ársins hring




* meðallestur þeirra sem lesa bara Fréttablaðið og þeirra sem lesa Fréttablaðið og Morgunblaðið. Heimild: Prentmælingar Gallup apr. – júní og júlí – sept. 2017.

**Fréttablaðið - mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin**

FRÉTTABLAÐIÐ

## Bílar & Farartæki

**SUZUKI**



Suzuki mótorhjól Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

### Bílar til sölu



Til sölu Benz GLA 220 D 4 Matik. Ek:13 þ. km, cc slagrými, 177 hö. Eins og nýr. Uppl. Þorsteinn s:898-1107

### Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

### Varahlutir

**VAKA**
BÍLAPARTAR ERU PARTUR AF OKKUR!
MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA Í FLESTA BÍLA



Sími: 567 6700 | vakahf.is

### Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Almenn garðvinna, sláttur, klippingar og ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna. Er á facebook







**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

HUMBAUR

## Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.

**Topplausnir**

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA



**Stiga TwinClip 50 SB**
Lúxus sláttuvél með drifi
B&S 625E mótor
Tvískiptur sláttuhnífur, slær 2svar
70 lítra kassi, "notendavænn"
Frábær vél í flestan slátt

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**



**Bryndís**
**GSM: 773 7400**



# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK



## Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum stór og smá fyrirtæki.

Suðurlandsbraut 6, Rvk. | SÍMI 419 9000

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

info@handafl.is | handafl.is

## Fasteignir

### Eignaborg auglýsir til sölu eftirgreindar jarðir:






## Hlíðarendakot í Fljótshlíð

Jörð sem er um 400 ha að stærð auk hluta í óskiptu landi. Ægifagurt útsýni er á landinu og sést m.a. til Vestmannaeyja, Eyjafjalla- og Mýrdalsjökuls. Fagrir fossar falla af brúnum, þar á meðal hinn þekkti Gluggafoss.

Helstu byggingar eru 152 m² íbúðarhús byggt 2000 og 411 m² skemma reist 1997. Rafmagn er fengið frá vatnsafls virkjun frá 2015 sem er á jörðinni.

*Sjá nánar á eignaborg.is*






## Hraunhóll, Landsveit

Landið er 26,2 ha að stærð og liggur með Minnivallalæk þar sem útsýni er frábært.

Á landinu er vandað bárujánsklætt íbúðarhús úr timbri, 64 m² að stærð, byggt 2004 og 180 m² skemma úr timbri klædd bárujárni, byggð 2016. Rafmagn frá samveitum, ljósleiðari og neysluvatn frá borholu.

*Sjá nánar á eignaborg.is*

**EIGNABORG**
FASTEIGNASALA
Hamraborg 12, 200 Kópavogi, www.eignaborg.is

Nánari upplýsingar gefur Sveinbjörn Sveinbjörnsson, lögmaður og lögg. fasteignasali, gsm: 892 2804, netfang: sveinbjörn@eignaborg.is



## Þarftu að ráða starfsmann?

–

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

## Fundir

# Aðalfundur
## Litlu Borgar ehf

**verður haldinn í Akoges-salnum, Lágmúla 4, þriðjudaginn 21. ágúst 2018 og hefst kl. 20:00.**

**Dagskrá:**
- **Tillaga um breytingu á 11. gr. samþykkta Litlu Borgar ehf.**
- **Venjuleg aðalfundarstörf**

Þeir hluthafar sem hyggjast veita öðrum umboð til þess aðfara með atkvæði sitt á fundinum, skulu veita þeim skriflegt umboð.



*Stjórn Litlu Borgar ehf*

Póst dreifing
við komum því til skila

# VOFF VOFF VOFF

Besti vinur mannsins á það til að bíta í putta og póst... pössum upp á voffa.

www.postdreifing.is

## Tilkynningar

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

**Aðalskipulagsmál**
**Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**

**1. Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, frístundasvæði merkt F14a úr landi Syðri-Brúar.**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 16. maí 2018 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps á þann veg að svæði merkt F14a í landi Syðri- Brúar verði skilgreint sem frístundasvæði og verði hluti deiliskipulags fyrir frístundasvæðið Sólbrekku. Um er að ræða 2.5ha stækkun á núverandi frístundasvæði.
Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða miðað við stærð umrædds svæðis, landnotkun í nágrenni þess og stefnumörkun um frístundabyggð í gildandi aðalskipulagi.

**Deiliskipulagsmál**
**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**

**2. Deiliskipulagsbreyting fyrir Dalaland, frístundabyggð við Hólaþýfi í Hrunamannahreppi.**
Auglýst er tillaga að breytingu byggingarskilmála deiliskipulags fyrir Dalaland við Hólaþýfi þar sem verið er að hækka nýtingarhlutfall upp í 0,03 þannig að heimilt verði að byggja 130m2 frístundahús og allt að 40m2 gest/aðstöðuhús. Þök skulu vera með risformi eða flöt.

**3. Deiliskipulag fyrir Sandlæk á landi Granda L166643 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.**
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir 7.947m2 byggingarreit fyrir frístundahús á landi Granda L1666643. Heimilt verður að reisa eitt frístundahús, ásamt allt að 40m2 útihúsi (svefnhúsi, geymslu, gróðurhúsi o.þ.h.). Heimild er fyrir kjallara og/eða risi þar sem aðstæður leyfa. Nýtingarhlutfall fari ekki yfir 0,03.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni http://www.utu.is.

Skipulagstillögur nr. 2 og 3 eru í auglýsingu frá 8. ágúst til 19. september 2018. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 2 og 3 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 19. september. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Rúnar Guðmundsson*
*skipulagsfulltrúi*
*runar@utu.is*

# Aníta komst áfram í undanúrslitin

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Aníta Hinriksdóttir, hlaupakona úr ÍR, komst í gær í undanúrslit í 800 metra hlaupi á Meistaramóti Evrópu í frjálsum íþróttum. Kom hún í mark á 2:02,15 mínútum sem er tveimur sekúndum frá Íslandsmeti hennar en það dugði henni inn í undanúrslitin. Var hún fimmta manneskjan í mark í sínum undanriðli sem var gríðarlega sterkur en í ellefta sæti af 32 keppendum og komst því nokkuð örugglega í undanúrslitin.

Olga Lyakhova frá Úkraínu var með besta tímann í undanrásunum þegar hún kom í mark á 2:00,26. Hleypur Aníta í undanúrslitunum í dag rétt fyrir sex að íslenskum tíma í Berlín þar sem mótið fer fram á hinum sögufræga Ólympíuvelli.

Kringlukastarinn úr ÍR, Guðni Valur Guðnason, komst ekki upp úr undanúrslitunum á Meistaramótinu í gær og hefur því lokið keppni. Var hann talsvert frá sínu besta og fékk aðeins tvær tilraunir gildar eftir að hafa gert ógilt í fyrstu tilraun. Besta kast hans í Berlín var 61,36 metri sem hann náði í öðru kasti sínu en lokakastið fór 57,39 metra. Bætti hann eigið met fyrr í sumar þegar hann kastaði 65,53 metra á Íslandi.

Skilaði það honum 16. sæti í undanúrslitunum en tólf efstu keppendurnir komust í úrslitin sjálf og vantaði Guðna um níutíu sentímetra til að komast á næsta stig.

Sindri Hrafn Guðmundsson, spjótkastari úr Breiðabliki, hefur leik á EM á morgun en undanrásirnar í spjótkastinu hefjast rétt fyrir hádegi að íslenskum tíma. – kpt




**Aníta Hinriksdóttir komst í undanúrslit í 800 m hlaupi.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**Sara Björk fagnar öðrum þýska meistaratitlinum í röð í vor með liðsfélaga sínum, Lenu Goessling.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Stefnir í að ég verði í toppformi í haust

**Sara Björk Gunnarsdóttir óttaðist um tíma að hún myndi missa af lokaleikjum landsliðsins í lokakeppni HM. Sá ótti reyndist hins vegar óþarfur, en hún telur að hún muni toppa á réttum tíma fyrir leikina gegn Þýskalandi og Tékklandi.**

**FÓTBOLTI** Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu og leikmaður Wolfsburg, er að koma sér aftur af stað eftir að hafa meiðst á hásin í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu síðastliðið vor. Sara Björk hefur verið í stífri endurhæfingu í sumar og hóf nýverið að æfa af fullum krafti með liði sínu á nýjan leik.

Fram undan eru spennandi verkefni hjá Söru Björk, en handan við hornið eru gríðarlega mikilvægir landsleikir í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fram fer í Frakklandi næsta sumar, auk þess sem titilvörn þýska liðsins hefst eftir rúman mánuð.

„Ég var á sérstöku æfingaprógrammi fyrstu vikurnar eftir að ég meiddist. Það voru alls konar tilfinningar eftir svekkelsið í úrslitaleiknum og ég var meðal annars hrædd um að ná ekki leikjunum gegn Þýskalandi og Tékklandi í byrjun september. Ég var ekkert viss um það hversu lengi það tæki hásinina að jafna sig og hvernig hún myndi svo bregðast við auknu álagi þegar þar að kæmi,“ sagði Sara Björk í samtali við Fréttablaðið.

„Æfingarnar sem ég gerði hafa hins vegar skilað sér og ég byrjaði að mæta á fótboltaæfingar með liðinu í síðustu viku. Ég fann ekki fyrir meiðslunum, en er bara stíf eins og gengur og gerist á erfiðu undirbúningstímabili hér í Þýskalandi. Nú er bara að hlaupa og djöflast og koma mér í almennilegt stand. Við erum á leiðinni í æfingaferð til Austurríkis í næstu viku og þaðan fer ég svo til móts við landsliðið,“ sagði Sara Björk.

Leikurinn gegn Þýskalandi fer fram á Laugardalsvellinum laugardaginn 1. september og íslenska liðið mætir svo Tékkum á þriðjudeginum þar á eftir.

„Við verðum allar að vera í okkar besta formi þegar við mætum Þjóðverjum og eiga aftur fullkominn leik ef við ætlum að leggja þær aftur að velli. Æfingaplanið mitt miðast við það að toppa í byrjun september og mér sýnist það ætla að takast. Hugur minn er allur við þessa tvo leiki núna þar sem keppnistímabilið hér í Þýskalandi byrjar ekki fyrr en um miðjan september,“ sagði þessi öflugi miðjumaður um komandi verkefni hjá sér.

Ísland er fyrir leikina tvo í efsta sæti riðilsins með 16 stig, en Þýskaland sæti neðar með einu stigi minna. Efsta sætið fer beint í lokakeppni heimsmeistaramótsins, en annað sætið gæti gefið þátttökurétt í umspili um laust sæti.

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu hefur aldrei komist í lokakeppni mótsins og Sara Björk og félagar hennar í liðinu eru staðráðnar í að skrá sig á spjöld sögunnar.

hjorvaro@frettabladid.is

> **Æfingaplanið mitt miðast við að toppa í byrjun september og mér sýnist það ætla að takast.**
>
> Sara Björk Gunnarsdóttir








Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Aðalheiður Bjarnadóttir**

frá Kóngsbakka,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi fimmtudaginn 2. ágúst.
Útför hennar fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 10. ágúst kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi.

**Þorsteinn Jónasson** **Kristín Rut Helgadóttir**
**Bjarni Jónasson** **Laufey Magnúsdóttir**
**Agnar Jónasson** **Svala Jónsdóttir**
**Guðbjörg Guðbjartsdóttir** **Kristinn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Hallgrímur Guðjónsson**

fyrrv. bóndi,
Hvammi í Vatnsdal,

er látinn.
Útför auglýst síðar.

**Ingibjörg Rósa Hallrímsdóttir** **Gísli Ragnar Gíslason**
**Þuríður Kr. Hallgrímsdóttir** **Finnbogi Kjartansson**
**Margrét Hallgrímsdóttir** **Gunnar Þór Jónsson**
**Hafsteinn Gunnarsson** **Ásta Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir,
afi, langafi og bróðir,

**Svanur Bragason**

húsasmiður,
Boðaþingi 12,

lést á krabbameinslækningadeild Landspítalans föstudaginn 3. ágúst.
Útförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg L. Svansdóttir** **Jón A. Sigurjónsson**
**Karólína V. Svansdóttir**
**Ingibjörg Svansdóttir** **Kjartan I. Lorange**
**Unnur S. Bragadóttir** **Jörgen Midander**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Vilhjálmur Ólafsson**

Arnarsmára 2, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi 1. ágúst sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 10. ágúst kl. 13.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Birna Þóra Vilhjálmsdóttir**
**Ólafur S. Vilhjálmsson** **Sigrún Steingrímsdóttir**
**Þórður Örn Vilhjálmsson** **Jóhanna Ólafsdóttir**
**Sigurlaug Vilhjálmsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Fyrirtækið er 50 ára í ár*

**Netverslun og símaþjónusta**

Blómastofa Friðfinns

s. 553 1099 • blomabud.is • blomabud@blomabud.is



**Ingibjörg er nýkomin af alþjóðaþingi Delta Kappa Gamma sem haldið er annað hvert ár, þar voru 2.000 konur samankomnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORSTEINN

# Er á leið í forsetastól

**Ingibjörg Jónasdóttir, fyrrverandi fræðslustjóri hefur verið skipuð forseti Evrópudeildar Delta Kappa Gamma, samtaka kvenna í fræðslustörfum, og tekur sæti í alþjóðastjórn.**

Við viljum efla konur í fræðslustörfum, bæði faglega og persónulega og vekjum athygli á ýmsu sem betur má fara en líka því sem gott er gert," segir Ingibjörg Jónasdóttir um hlutverk Delta Kappa Gamma. Nú hefur hún tekið að sér forystu í Evrópusamtökunum næstu tvö árin. Þar með gengur hún inn í stjórn alþjóðasamtakanna. Ingibjörg er önnur í röð íslenskra kvenna sem gegnir þessu embætti. Hin var Sigrún Klara Hannesdóttir, doktor í bókasafns- og upplýsingafræði.

Samtökin Delta Kappa Gamma voru stofnuð í Austin í Texas árið 1929 af tólf konum sem virkilega þurftu að berjast fyrir réttindum sínum innan kennarasamtaka, að sögn Ingibjargar. Hér á landi eru 13 deildir samtakanna starfandi, sú fyrsta var stofnuð 1975.

Ingibjörg segir að tæplega 80 þúsund konur séu í alþjóðasamtökunum. Þau séu fjölmennust í Ameríku og næst komi Kanada. „Evrópa er eitt af fimm svæðum samtakanna. Tengslanetið er mjög mikilvægt og einnig er gott að skipta oft um stjórnir þannig að konur fái tækifæri til að starfa þar," segir Ingibjörg og heldur áfram:

„Íslenskar konur hafa verið nokkuð öflugar innan Delta Kappa Gamma, unnumtil dæmis af krafti að því að Evrópa yrði sérstakt svæði en það gerðist fyrir 20 árum. Við erum líka óhræddar við að stíga inn í alþjóðahlutann," lýsir hún og segir að enn vanti víða mikið á að jafnrétti sé náð og þar geti íslenskar konur lagt sín lóð á vogarskálarnar. „Víða í löndunum er áherslan eingöngu á kennarana en við hér á Íslandi höfum reynt að víkka fókus og í okkar deildum eru til dæmis ráðgjafar, fræðslustjórar, bókasafnsfræðingar og talmeinafræðingar. Við fáum konur á fundi til að segja frá sínum rannsóknaverkefnum eða öðru áhugaverðu. Ein deild skoðaði frá ýmsum hliðum hvernig tekið er á móti nýbúum, svo dæmi sé tekið."

Sjálf starfaði Ingibjörg sem kennari og síðan í fræðsludeild Búnaðarbankans. Hún kveðst hafa góðan grunn að byggja á í þetta nýja starf. Bæði hafi hún starfað í Delta Kappa Gamma á Íslandi og í nefndum á vegum alþjóðasamtakanna, það styrki hana í að nýta krafta sína innan Evrópusamtakanna.

gun@frettabladid.is



Okkar elskaði faðir, tengdafaðir, afi,
